



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Fimmtudagur, 21. febrúar, 2008

Ákvörðun nr. 11/2008

Samruni Pennans ehf. og Smára ehf.

1.

Með bréfi, dags. 20. desember sl., var tilkynnt um samruna Pennans ehf. (Pennans) og Smára ehf. (Smára). Bréfinu fylgdi samrunaskrá þar sem framsetning var miðuð við viðauka í reglum nr. 881/2005 um tilkynningu samruna.¹ Bréfinu fylgdu ýmis fylgigögn. Samkvæmt upplýsingum í samrunatilkynningu hefur fyrirtækið Smárar rekið verslunina Habitat, verslun sem selur húsgögn, frá því á árinu 2007. Penninn er á hinn bóginn fyrirtæki sem selur bækur og ritföng en einnig skrifstofuhúsgögn og fleira.

Að mati Samkeppniseftirlitsins fela kaupin í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga og fellur samruninn undir samrunaeftirlit 17. gr. laganna, þar sem veltuskilyrðin eru metin uppfyllt.

Með bréfi, dags. 17. janúar 2008, tilkynnti Samkeppniseftirlitið að stofnunin teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 4. mgr. 17. gr. samkeppnislaga.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að Smárar hafi verið stofnaðir á árinu 2007 til að taka við rekstri verslunarinnar Habitat í Askalind 1 af Smiðjutorgi sem rekið hafi verslunina um árabíl. Fram kemur að verslunin Habitat bjóði upp á „*breiðan flokk húsbúnaðarvara fyrir heimili á hagkvæmu verði*“. Þá kemur fram að Penninn selji m.a. bækur og skrifstofuvörur í verslunum sínum víða á höfuðborgarsvæðinu og úti á landsbyggðinni. Fram kemur að samruninn felist í því að Penninn kaupi [...]%² hlut í félaginu, og fái afhentan [...]%³ hlut til viðbótar þann 30. júní 2008. Þá hafi samrunaaðilar gert með sér hluthafasamkomulag [... ..].⁴ Smárar muni reka Habitat verslunina áfram og ekki sé stefnt að því að sameina rekstur Smára og Pennans.

¹ Viðauki með skrá yfir upplýsingar sem þurfa að koma fram í tilkynningu til Samkeppniseftirlitsins um samruna fyrirtækja (samrunaskrá).

² Fellt út vegna trúnaðar.

³ Fellt út vegna trúnaðar.

⁴ Fellt út vegna trúnaðar.



3.

Í samrunaskránni kemur jafnframt fram að tilgangur með samrunanum sé að efla rekstur Habitat á Íslandi með því að opna stærri verslun. Seljandi hafi leitað leiða til að efla reksturinn og leitað til kaupanda sem hefði aðgang að húsnæði sem hentaði betur fyrir verslunina en núverandi húsnæði að Askalind og muni verslunin flytja í húsnæði í endurbyggðum Holtagörðum, þar sem Penninn hyggist einnig opna bókaverslun.

Þá er getið um eignarhald Pennans á Saltfélaginu ehf. og í gegnum það félag á GH ljósum. Greint er frá því að þeir markaðir sem samrunaaðilar starfi á og einhverrar skörunar gæti við séu markaðir fyrir innréttingar, ljós og ljósabúnað, húsbúnað fyrir heimili og fyrir gjafavöru. Kemur fram að skörunar gæti einkum á markaði fyrir húsbúnað fyrir heimili, en að öðru leyti gæti takmarkaðrar skörunar og markaðshlutdeild samrunaaðila sé óveruleg.

4.

Við mat á samkeppnislegum áhrifum samruna ber að líta til þess hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða slík staða styrkist, sbr. 17. gr. samkeppnislaga. Í ákvæðinu segir einnig að taka beri tillit til þess að hvaða marki alþjóðleg samkeppni hafi áhrif og hvort markaðurinn sé opinn eða aðgangur að honum hindraður. Þessi atriði eru í samkeppnisrétti í raun innifalin í mati á því hvort markaðsráðandi staða myndist eða styrkist. Í 4. gr. samkeppnislaga kemur fram að markaðsráðandi staða sé fyrir hendi þegar fyrirtæki hefur þann efnahagslega styrkleika að geta hindrað virka samkeppni á þeim markaði sem máli skipti og það geti að verulegu leyti starfað án þess að taka tillit til keppnauta, viðskiptavina og neytenda.

Í máli þessu er um að ræða samruna Pennans og Smára, fyrirtækis sem rekið hefur húsgagnaverslunina Habitat. Hefur Penninn til þessa haft með höndum sölu á skrifstofuhúsgögnum og skrifstofubúnaði í eigin nafni, en einnig húsgögnum fyrir heimili á vegum Saltfélagsins, húsgagnaverslunar í eigu Pennans. Telst hér vera um láréttan samruna í skilningi samkeppnisréttar þar sem starfsemi beggja aðila er á sama sölustigi. Samlegðaráhrifa vegna samrunans mun að mati Samkeppniseftirlitsins einkum gæta hjá Habitat, en etv. einnig að nokkru hjá Pennanum og tengdum fyrirtækjum. Hefur Samkeppniseftirlitið rætt við nokkra aðila á markaði um áhrif samrunans og auk þess aflað upplýsinga frá Ríkisskattstjóra.

Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki myndist markaðsráðandi staða í kjölfar þess samruna sem hér um ræðir eða að slík staða styrkist. Þá hafa ekki komið fram önnur atriði sem benda til þess að samruninn geti raskað samkeppni. Í ljósi þessa er það mat Samkeppniseftirlitsins að ekki sé ástæða til að hafast að vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.



Ákvörðunarorð:

Með kaupsamningi, dags. 18. nóvember 2007, keypti Penninn hf. hlutafé í Smárum ehf. Fela þessi kaup í sér samruna í skilningi 4. og 17. gr. samkeppnislaga. Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna umrædds samruna á grundvelli 17. gr. samkeppnislaga.

Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson